Síðan í okkar fjarveru við sjó aftur að athuga þessa áætlun og fengum okkur til aðstoðar Sigurð Kristjánsson í Leirhöfn, sem er manna hagsýnastur og hefir mikið fengist við ýmsar byggingafræðandi. Gerði hann uppkast af nýrri áætlun og var kostnaðurinn eftir henni 24 þús. krónur. Álítur hann að bryggjan verði ekki byggð fyrir minni upphæð, með þessari aðferðar fyrirkomulagi.

En nú sje jeg af skeyti þínu að Austurdeild Alþ. hefir bundið styrkveitinguna þú skilyrði, að bryggjan yrði gerð úr steinsteypu. Er þá þýðingarlaust að jeg sendi þjer hina áætlunina, einsog jeg hafði ætlað, enda mátið sjálfsagt útkljáð á þinginu áður en bréf mitt nær suður.

Annars veit jeg ekki hvernig nú fer um þessa bryggjugerð, (þó styrkveitingin komist gegnum Austurdeild) úr því við fáum ekki að vera sjálfráðir um gerðina. Verður að ráðast betur grundvöllinn, og gera nýja kostnaðaráætlun áður en ráðsmaðurinn í fjarlægð. Hefir Kaupfjelagið nú í mörg horn að líta. Byrjað steinsteypuhús í Austurlandi og fleiri byggingar óhjákvæmilegar á næsta- eða næstu árum, og þú óðagra að fá til sín stórt fjarlaxi, sem bryggjugerðin er, þegar ekki fæst meira en þriðjungs styrkur til hennar. Finst okkur það nokkuð hart, að þetta hjerað

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem engum landsjóðsvegur er til í, skuli fá svona ríflegan styrk til ~~byggingu~~ hafnarmannvirkja. Get jeg ekki skilið hvers vegna þarf að krítmúla okkur um þá þrjúnu Kostnadar fram við bryggjugerðir en t.d. vegi sem landsjóðr kostar af öllu. Virðist heilnings framlag frá Kaupfjelaginu, vera nóg sönnun fyrir því að fyritæki oje þarft og naudsynlegt.

Ef svo ólíklega fari að Kjötmatslögin yrði úútkljáð þegar þú færð þetta bréf, vildi jeg biðja þig að reyna að koma inní þau ákvæði um heimild til að láta ólarda menn skimpla kjötið. Sigurður gamli varðherza taldi líkt þú til fyrir stríðsárin, og þarna álit hafa samir læknar. Þessi kjöt~~skimplun~~ skoðun er áreiðanlega mesta kák, einnig hún er framkvæmd, og þessvegna ætti það að standa í sama, hvor þrýstir skimplunum á skrokkana, ætti ekki að þurfa til þess margra ára háskólanám. En verði stjórnarfrumvarpið samþykt óbreytt, þá hefir það þar afleiðingar að baka verðlaunum sem ekki hafa lærni né reynslu, óþarílegan kostnað, án þess að nokkur trygging fæst fyrir því að kið skimplaða kjöt sje af heilbrigðum skepnum. Jeg hefi oft sjeð hvernig læknarnir frankvæma skoðunina. Þeir stynga nöl hnífsoddi einusinni eða tvisvar í skrokkinn og smella svo skimplunum á.* Sjaldan kemur það fyrir að nokkur skrokkur sje kastað úr, og þó ekki nema þegar ígerð er í honum, sem ekki þarf lærni til að ojá. Þarnæst er þess líka að læknir hafi látið ólærðan mann skóta og skimpla mestallt kjöt í einum kaupstað, og gefið svo á eptir vottorð um að hann hafi skoðað alt kjötið og fullrannsakað

* Geta náð þessum árangri skotið nokkrum kúlum á líkleg skimplun.

Fundur á vegum Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sig um að þá vori af heilbrigðum ástæðum.
Við annan nú svo sem þeir mun kunnugt, að hjer hallir engum lagnis stundum lengur. Verður þá um kvað að velja fyrir kaupfjelagið: annað hvort að fá hingað sjálfan slátrun stjóra sjeðr eða með afarkostum, háskólapilt eða for legfi til að skimpla, eða þá senda kjötið til einhverrar hafnar þar sem lagnis er og láta taka það alt upp og skimpla. Yrði að kostnaðinum miklu verri, því auk kostnaðarins við að taka upp, skimpla og gangi afur frá kjötinu, sem hlyti að verða afarmikill, fylgdi þá líka flutningur milli hafna eða annars yrði vonandi tomist hjá. Veit jeg að þú getur af þessu skilið, hvernig okkur mun vera innanbrjósts og fleirum svona fjeskil. mikinn kostnað, ~~er þess~~ gefa þó enga tryggingu fyrir að vorar sje ósviknir.

Aðgerðir hafi gengið mjög illa vegna óþurka, síðan í júlí. Sífnuðust fyrir mikil hey á öllum bæjum á jörðum, er hafa nú víðast verið sett saman í hálfpur eða verra en þá, og mikið hrakin. Hafi líðin vegna oftast verið fremur hlý og mild, en nýting heyja þó ~~er~~ er hún verða sem komin hafi í 30 ár. – Björn frænd okkar er nú mikið fóðrari er í ónum, og vonandi sloppinn í þetta sinn. Hefi ekki sjeð hann, en heyri af vitali í ónunum, að hann er að verða heilbrigðr. Er þungri byrði lyft af okkur við það.

Ekki hefi heyrt að nokkur maðr muni kaupa vit þig um þingmennskuna í þetta sinn. Líðanin við þú vonandi við alt konunga-umstang í haust.

Heilsaðu Karlezu konu þinni og bræðrum

Bestasta og vell

þinn

Benedikt Jónsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

AKTIEBOLAGET
C·E·FRITZES
KUNGL·HOFBOKHANDEL
RIKS TEL: 116·2462·ALLM·TEL: 4598·4898·
FREDSGATAN 2·STOCKHOLM

DEN 14.5. 1919

Herr Alþingismaður Benedikt Sveinsson

191	ex.	Anmärkningar böra för att upptagas till granskning göras inom 30 dagar efter räkningens emottagande.	DEBET Kronor	DEBET öre	KREDIT Kronor	KREDIT öre
		Sala fría 1917.1918.				
		Kr.	38	63		

Anhålles förbindligast
om snar uppgörelse.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SENTRALTR., STHLM. 19

Kemur út ýmist einu sinnieða tvisv. í viku. Verð árg. (90arka minnst) 4 kr., erlendis 5 kr. eða 1½ doll.; borgist fyrir miðjan júlí (erlendis fyrir fram).

ÍSAFOLD.

Uppsögn (skrifleg) bundin við áramót, ógild nema komin sje til útgefanda fyrir 1. október. Afgreiðslustofa blaðsins er í *Austurstræti 8.*

XXIV. árg. | Reykjavík, miðvikudaginn 5. mai 1897. | 29. blað.

Landsbankinn.

Til frekari glöggvunar fyrir lesendur Ísafoldar skal hjer farið nokkrum orðum um bankareikninginn 1896, sem prentaður er í síðasta tölubl., einkum gjörður samanburður við fyrri ár.

Lánveitingar úr bankanum hafa verið miklu meiri árið, sem leið, en undanfarandi ár, eins og sjá má á þessum samanburði síðustu 3 ára:

	1894 kr.	1895 kr.	1896 kr.
Fasteignarveðslán...	120,584	136,386	166,356
Sjálfskuldarábyrgðarlán	131,082	162,863	202,400
Handveðslán . .	24,485	16,050	43,610
Ábyrgðarlán sveita- og bæjarfjel. o. fl.	1,025	15,950	20,100
Akkreditivlán . .	1,065	350	»
	278,241	331,599	432,466

Víxla- og ávísanakaup fara einnig mjög í vöxt. Af víxlum og ávísunum hefir bankinn keypt síðustu 3 árin:

	1894 kr.	1895 kr.	1896 kr.
Víxla	329,209	443,562	571,451
Ávísanir	44,044	60,565	72,976

Víxillánin hafa aldrei verið eins mikil og árið sem leið, enda voru þá víxlar keyptir fyrir meira en *hálfa miljón króna.* En allar lánveitingar úr bankanum (ɔ: skuldabrjefalán og víxil- og ávísanalán samanlögð) hafa árið 1896 numið *frekri 1 miljón króna.*

Endurborganir lána hafa gengið tiltölulega miklu ógreiðara árið 1896 en næstu ár undanfarin, og er það bein afleiðing af örðugum hag landsmanna það ár (fyrir markaðsleysi, aflaleysi við Faxaflóa, landskjálftavandræðunum o. s. frv.). Útistandandi lán bankans voru sem sje nál. *120 þúsund krónum* hærri í árslok en í ársbyrjun.

Í alls konar skuldabrjefalánum átti bankinn útistandandi í árslok:

1894 kr.	1895 kr.	1896 kr.
968,544	1,016,474	1,133,821

Í víxlum og ávísunum átti bankinn útistandandi um síðastliðin áramót rúm 86,000 krón.

Hlaupareikningsviðskipti við bankann fara mjög í vöxt, og er það eðlilega einkum kaupmannastjettin, er þau viðskipti notar.

Innlög á hlaupareikning voru árið 1896 meira en *hálf miljón krón.*

Útborganir af hlaupareikningsfje voru 30,000 kr. meiri en innlögin, og var innstæðan þeim mun lægri í árslok en í ársbyrjun.

Sparisjóðsinnlög voru síðastl. ár stórum meiri en nokkru sinni áður. Innlögin námu sem sje alls *856 þús. krón.* Aptur á móti var eigi útborgað meir en 757 þúsund kr. — sem reyndar einnig er miklu meira en að undanförnu. — Hefir innstæðufjeð þannig, þegar vextir, *rúm 32 þúsund krón.*, eru taldir með, aukizt um *131 þúsund krónur* árið 1896, enda voru innlögin í árslok það ár innistandandi í bankanum orðin *1065 þúsund krón.* eður nokkuð *á aðra miljón.*

Á þeim tæpum 10 árum, sem liðin eru síðan bankinn tók við fyrv. sparisjóði Reykjavíkur, hefir sparisjóðsinnstæðufjeð hjer um bil *þreföldazt.*

Tæp 3,700 talsins voru þeir, er fje áttu í bankanum með sparisjóðskjörum 31. desbr. 1896.

Viðskipti við útlönd fyrir milligöngu Landsbankans voru árið 1896 mjög svipuð og næstu ár á undan. Hefðu þau án efa vaxið meira, ef greiðara hefði verið um fjársölu og aðra verzlun. Peningasendingar Reykvíkinga til útlanda ganga því nær eingöngu orðið gegn um hendur bankans, nema smásendingar. En aptur á móti er talsvert af fje frá öðrum hjeruðum landsins sent til útlanda í póstávísunum.

Af varasjóði fyrv. sparisjóðs Reykjavíkur var árið 1896 varið 800 kr. til styrktar ísúsi í Reykjavík. Ennfremur var keypt húseign í Rvík fyrir 7000 kr. af fje sjóðsins.

Auk þess voru af varasjóði bankans keyptar húseignir fyrir 46,000 kr. Átti bankinn þannig í árslok 1896 húseignir í Reykjavík, er kostað hafa 53 þúsund kr..

Varasjóður bankans var í árslok 1895 rúm 160,280 kr., en er í lok ársins 1896 um 173,360 krónur, og hefir þannig á árinu 1896 vaxið um rúml. 13,000 kr., og hefði vaxið miklu meira, ef ekki hefði þurft að taka tillit til gangverðslækkunar á útlendum verðbrjefum þeim er bankinn á, en slík lækkun nam frá nýjári 1896 til ársloka s. á. hjer um bil 7000 kr., er varð að draga frá ágóða bankans það ár.

Sje viðbætt fyrirframgreiddum vöxtum, 26 þúsund krónum, og varasjóði fyrv. sparisjóðs Reykjavíkur, tæpum 12 þús. krónum, við ofannefndar 173 þús. kr., sem varasjóður bankans nú er orðinn, verða það *211 þús. krónur,* sem bankinn í rauninni hefir til að standa straum af því tjóni eða þeim óhöppum, er hann ef til vill kynni að verða fyrir.

Með slíkum búskap er varla hætt við horfelli eða uppflosnun.

1/5 1897. *S. B.*

Biflíuljóðin og Dagskrá.

Biflíuljóðum sjera Valdimars Briems hefur verið vel tekið í blöðum vorum og víst engu síður af alþýðu manna, sem maklegt er. Ein hjáróma rödd hefur þó látið til sín heira í Dagskrá I, 56.—59. tölublaði, frá hinu unga og efnilega skáldi, Einari Benidiktssini. Af því að mjer finst ritdómur þessi vera mjög svo ósanngjarn og meira að segja beinlínis órjettlátur, ætla jeg að leifa mjer að gera við hann fáeinar athugasemdir.

Í löngu riti, eins og Biflíuljóðin eru, er altaf hægt að finna eitthvað til að hengja hatt sinn á. Jafnvel hið besta skáld er ekki altaf jafnvel firirkallað, og »það kemur stundum firir«, segir Horatius, »að góðskáldið Hómer dottar«. »*Verum ubi plura nitent in carmine, non ego paucis offendar maculis*« — »Þegar allur þorri skáldmælanna er vel ortur, mun jeg ekki hneixlast á fáum blettum«. Mjer dettur alls ekki í hug að neita því, að slíkir blettir kunni eða jafnvel hljóti að finnast á Biflíuljóðunum, enn jeg held því fram, að þeir sjeu tiltölulega mjög fáir og afsakanlegir, og ef jeg lít á ritið í heild sinni, þá verð jeg firir mitt leiti að skoða það sem eitt hið merkilegasta og fegursta skáldrit, sem ort hefur verið á íslenska tungu, síðan landið bigðist, eins og það er að vöxtunum hið stærsta, sem jeg man eftir, og jeg tel það vera sannkallaðan gimstein í bókmentum þessarar aldar. Ritdómari Dagskrár er gjörsamlega blindur firir öllum hinum miklu kostum Biflíuljóðanna; að minsta kosti verður honum ekki að vegi að benda á neitt af því marga, sem þar er snildarlegt og fagurt. Hann einblínir að eins á það, sem honum virðist miður fara.

Enn hefur honum þá tekist að finna þá bletti, sem þó vafalaust hljóta að vera á Biflíuljóðunum? Eru aðfinningar hans á rökum bigðar? Nei, flestar þeirra hafa að mínu áliti við alls engin rök að stiðjast, sumar eru svo ljettvægar, að aðfindnin reinist vera hótfindni, og að eins eina þeirra tel jeg ekki ástæðulausa. Jeg mun nú reina að finna orðum mínum stað.

Í firsta kvæði Biflíuljóðanna, um sköpunina, finnur ritdómarinn að viðkvæðinu: »Þá varð kvöld og þá varð morgun þeim degi á«, segir, að áherslan á »þeim« sje röng, rímorðið »á« of máttlaust, og öll sje setningin afbökun á »hinum sterka stíl« biflíunnar — þar standi: »Þá varð kvöld og þá varð morgun *hinn firsta dag*«. Jeg firir mitt leiti get nú ekki fundið neitt »sterkt« í þessum orðum biflíunnar »hinn firsta dag«, nje heldur neitt veikt í því, sem sjera Valdimar hefur sett í staðinn, sem þíðir alveg hið sama. Enn til þess að skilja, hvernig á því stendur, að skáldið hefur hjer breitt frá orðum biflíunnar, verðum vjer að lesa firsta kapítulann í Genesis. Sköpunarsagan er þar greind eftir dögum í sex kafla, og við endann á hverjum kafla stendur: »Þá varð kvöld og þá varð morgun hinn firsta, annan, þriðja o. s. frv. dag«, þannig að talan ein breitist eftir röð daganna. Firir skáld, sem velur sjer þetta sem irkisefni, liggur nærri að gera þessi orð að viðkvæði, af því að þau eru endurtekin svona sex sinnum. Enn best fer á því, að viðkvæðið sje altaf hið sama, og því ber hjer brína hugsunarfræðislega nauðsin til að breita frá orðum biflíunnar, eins og sjera Valdimar hefur gert. Í staðinn firir »hinn firsta, annan, þriðja o. s. frv. dag« hefur hann sett »*þeim* degi á«, og lætur röð erindanna segja til, hver dagurinn sje í röðinni. Það er alveg hugsunarrjett, að aðaláherslan er hjer látin lenda á »*þeim*«, því að hjer er einmitt í hvert skifti verið að ræða um *þann* dag, sem búið er að skíra frá í því, sem næst fer á undan, *í mótsetningu við hina dagana.* Að því er snertir rímorðið »*á*«, þá er það altítt í íslenskum kveðskap bæði að hafa forsetning á eftir því orði, sem það stjórnar, og að brúka forsetning sem rímorð. Í fjórum hinum firstu Passíusálmum Hallgríms Pjeturssonar hef jeg

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundið 15 dæmi uppá þetta, t. d. 2. sálmur 10. er. (tvisvar í sama erindi):

Freisting þung ef *þig* fellur *á*,
forðastu einn að vera þá,
.....
Huggun er manni *mönnum að;*
miskun guðs hefir svo tilskikkað,

og hefur enginn fundið að þessu hingað til svo jeg viti. Hjá nútíðarskáldum er þetta sömuleiðis algengt, jafnvel hjá þeim, sem mest vanda kveðskap sinn, t. d. hjá Jónasi Hallgrímssini. Ekki er hún illa ort, þessi vísa eftir Jónas:

Sunnanvindur *sólu frá*
sveipar linda skíja,
fannatinda, björgin blá,
björk og *rinda* ljómar *á*,

og eru þó forsetningar hjer hafðar tvisvar sem rímorð og á eftir þeim orðum, sem þær stjórna. Í hinu ágæta vorkvæði Jónasar »Tinda fjalla áður alla undir snjá«, sem er snildarlega kveðið, kemur þetta firir *níu sinnum*, t. d. tvisvar í 10. erindi:

Grænkar stekkur, glöð í brekku ganga kná
börnin þekku *bóli frá;*
kreppir ekki kuldahlekkur, kætist fögur brá
búa *blómum á.*

Allir kannast við: »Löngu hefur Logi reiður | lokið *stepu* þessa *við*« eða »varnameiri veggur traustur | vestrið slítur *bergi frá*« úr Skjaldbreiðarkvæði Jónasar, eða »mentanna *brunni* að bergja *á*« og »viskunnar helga *fjalli á*« úr kvæðinu til Gaimards o. s. frv., o. s. frv. Hvers vegna má ekki sjera Valdimar leifa sjer það, sem öllum öðrum er leifilegt? Eru ekki nóg höft á íslenskum kveðskap, þó að ekki sje verið að gera sjer leik til að bæta við níjum að óþörfu? Og þetta er sá eini rímgalli, sem ritdómarinn þikist hafa fundið í Biflíuljóðunum! Jú, það er satt! Hann vill ekki láta ríma *von* á móti *son* (í kvæðinu um Blessanir Ísaks)! Enn hvað skildi annars vera á móti því?

Ímislegt er það í orðfæri ljóðanna, sem ritd. átelur. Hann kann ekki við, að orðið »dinja« er stundum haft um rödd guðs, eða að guð er látinn tala »af miklum móð«. Enn hjer talar sjera Valdimar einmitt í hinum »sterka stíl« gamla testamentisins, sem ritd. annars dáist svo mikið að, og það með rjettu. Það kemur margoft firir í gamla testamentinu, að guð talar í þrumum (t. d. við löggjöfina á Sínaí, Exodus 19, 19; 20, 18—19).[1] Orðin *duna* og *dinja* eru mjög oft höfð um hljóð þrumunnar. Hvað er þá á móti því að hafa þetta orð um rödd guðs í kvæði, sem ort er út af gamla testamentinu og í anda þess? Orðin »af miklum móð« þýða ekki annað enn ‚af mikilli reiði', eins og ritd. líklega veit, og hitt er honum víst ekki heldur ókunnugt um, að guð gamla testamentisins er reiðinnar guð, svo að þetta er líka sagt í anda gamla testamentisins. Í kvæðinu um flóðið standa þessi vísuorð:

Reiður varð rjettvís guð,
rangan er sá hann gang.

Hjer þikja ritd. hin auðkendu orð óhafandi. Veit hann þá ekki, að orðið *gangur* er bæði í fornu máli og níju haft í líkri merkingu og ‚*atgangur*' eða '*ágangur*, um ákafa hreifingu eða læti (sbr. orðtækið »mikið gengur nú á«). Ef hann trúir mjer ekki, þá getur hann fundið þetta í orðabókunum (sbr. einnig Konr. Gíslason, Efterladte skrifter I, 252. bls.). Líka þíðingu hefur orðið í ímsum samsetningum, t. d. *öldugangur, eldsgangur, draugagangur*. Jeg fæ því ekki betur sjeð, enn að orðið eigi hjer vel við; *gangur* þíðir hjer sama sem ‚treiben' á þísku (*rangan gang* =' [der menschen] verkehrtes treiben'). (Niðurl.).

Björn M. Olsen.

1) Sbr. Job 37,2: »Heirið *dun* hans raddar . . . jafnskjótt *öskrar* hans raust; hann *þrumar*, með háum rómi«. 2. Sam. 22, 14 er þannig útlagt í Guðbrandsbiflíu: »Drottinn *dunaði* af himninum og sá allra hæsti ljet út sínar reiðarþrumur«, sbr. (í útg. 1866) Davíðs sálm. 18, 13: »Og drottinn *þrumaði* í himninum og sá æðsti sendi út sína *raust*«.

Skepnufelli nokkrum hefir þegar brytt á undanfarnar vikur hjer í Mosfellssveit, á sumum bæjum (Blikastöðum o. v.) úr lungnaveiki, frá nægilegu fóðri og með allgóðum hold um, en sumum beinlínis af fóðurskorti, eða því sem heitir *hor* rjettu nafni, þótt það heiti á þeim hlut sje miður þokkað. Var því máli, horfellismálinu, hreyft á nýlega höldnum sýslufundi í Hafnarfirði, þar sem meðal annars sýslunefndarmaður Mosfellssveitar og oddviti ljet eigi vel af ástandinu þar í hreppi, og beindi nefndin út af því almennri áskorun til amtmanns um eptirlit með að horfellislögunum væri framfylgt, en sýslumaður fór skömmu síðar þess kyns rannsóknarferð þangað upp eptir, að eins á einn bæ samt, Reykjakot, líklega af því, að þar ljek lakast orð á meðferð á skepnum vegna heyskorts, sem ekki er furða eptir ásetningunni þar í haust, er getið var um nýlega hjer í blaðinu. Voru dauð þar fyrir nokkru tvö hross af fjórum, er sett höfðu verið á í vetur heima hjá búfræðingnum, og eitthvað af sauðkindum, ýmist að sögn kvalizt alveg úr því lífið eða verið skorið, þegar því var ekki framar lífs von. En allra frjetta varðist búfræðingur um það fyrir sýslumanni, og fór hann við svo búið. Ljótast er það í málinu, að bóndi þessi, Reykjakotsbúfræðingurinn, átti kost á nægri heyhjálp hjá nágranna sínum, Halldóri bónda Halldórssyni í Þormóðsdal, fyrir tilhlutun 2 manna úr hreppsnefndinni, er skoðuðu hjá honum snemma á einmánuði og sáu, í hverjum voða skepnurnar voru, gegn ábyrgð, sem hreppsnefndin bauð; en hann hafnaði því boði. — Það er ekki einungis almæli, þar á meðal mikið merkra manna og kunnugra, heldur nábúa vitnisburður fyrir því, að heyforðinn hafi verið í haust hjá bónda þessum heldur töluvert undir en yfir 200 hestum, minni hlutinn taða, og talsvert af henni mjög skemmt, fyrir ákaflega gapalega hirðingu.

Mjög er, því miður, hætt við, að þetta voðanorðankast, sem nú stendur yfir, ríði að fullu fjölda fjár, sem langt hefir verið dregið áður.

Það er raunalegur framfaraskorts-vottur í búnaði vorum, að enn skuli horfellir á skepnum vera eins tíður eins og hann er, jafnvel í allgóðum árum. Það eru ekki smá-pyndingar, sem búfjenaði vorum eru veittar með þeim hætti, og eru auðvitað stundum þau tildrög að því, að mönnum verður fremur fyrir að vorkenna eigendunum en víta þá; en því miður fara þeir opt svo samvizkulauslega að ráði sínu, setja svo framunalega glannalega á vetur, að enginn, sem nokkurn meðaumkunarneista ber í brjósti með saklausum skepnum, getur fengið af sjer að mæla þeim nokkura bót.

Gufubáturinn „Reykjavík", kapt. Vaardahl, kom hingað í gærmorgun snemma, frá Mandal; hafði komið við á Færeyjum og Fáskrúðsfirði eystra; hafði meðferðis þangað dálítið *spítalahús* tilhöggvið, er Frakkar láta reisa þar handa fiskimönnum sínum. Með skipinu komu að austan nokkrir (5) reykvískir sjómenn, og láta mjög vel yfir því. — Lítið kveður að aflabrögðum eystra, að þeir segja.

Norðanveður, mjög snarpt og með mikl um kulda, hefir staðið hjer síðan á laugardagskveld; snjó hlaðið á fjöll til muna og fest í byggð sumstaðar.

Missifengur varð »Heimdallur« enn fyrir skömmu. Það var er hann var síðast staddur suður á Njarðvík. Þá kom þar maður sunnan úr Garði og hljóp allt hvað af tók, fekk sjer bát og menn og reri út í »Heimdall« til þess að láta vita af botnverping, er lægi þar við veiði fáein hundruð faðma framundan Gerðum eða Meiðastöðum. Heimdellingar rengdu fyrst, að svo gæti verið, með því að þeir hefðu farið þar nærri fyrir skemmstu og ekki orðið varir við neitt óhreint. Það varð þó úr, að þeir sneru suður með landi og hurfu fyrir Keflavíkurberg, en sendimaður hjelt til lands aptur á bátnum í Keflavík. En brátt kemur »Heimdallur« í ljósmál aptur fram undan berginu og stefnir á leið inn flóa; hefir þá aldrei farið hálfa leið út í Garðsjó, hvað þá lengra, en svo slysalega viljað til, að dökkna bar yfir Skagann af jeli og brá hulinshjálmi yfir botnverpinginn fyrir augum Heimdellinga. Hjelt hann, botnverpingurinn, sig *ónæðislaus á sama stað þann dag allan og fram á nótt.*

Garðmenn settu á sig auðkenni á skipinu (tölustaf) og sendu sýslumanni kæru, svo að vonandi má koma á hann sekt síðar meir, ef hann verður höndlaður einhvern tíma.

En hraparleg slysni var þetta enn af »Heimdalli«, ofan á það sem áður var komið. Hrekkjazt hafa þeir þó, botnverpingar, það við þetta lítið, sem hann hefir að gert, að þeir eru nú hættir að halda sig nærri suður-landinu; — nema það sje hitt, að þeir sjeu hættir að fá þar fisk og hafist við norður í flóanum hins vegna, að þeir verða þar betur varir.

Það er merkilegt, að þeir, sem fyrir herskipinu ráða, skuli ekki útvega sjer og hafa með sjer einhvern góðan sjómann íslenzkan, er kunnugar væri allar leiðir hjer um flóann og væri fundvísari en þeir á fylgsni botnverpinga. Er ótrúlegt, að þeim yrði þá hver skyssan á fætur annari.

Skipastrand. Tvö skip frönsk rak hjer upp á höfninni í rokinu aðfaranótt sunnudagsins, annað, fiskiskútu, í Sölvhólsvör, en hitt, spítalaskipið, St. Paul að nafni, í klettana niður undan Klöpp í Skuggahverfi. Tilraunir voru gerðar að ná St. Paul á flot aptur, af Heimdellingum einkanlega, fyrst á sunnudaginn og síðan aptur í gær af þeim og liði frá herskipinu franska, en árangurslaust. Verða því bæði skipin að strandi.

St. Paul var ætlað að smala saman veikum mönnum af fiskiflotanum franska hjer við land og flytja til hafna til spítalavistar á landi eða annarar hjúkrunar. Hafði í því skyni 6 sjúklingarúm, og ýmsan hjúkrunarútbúnað; sömuleiðis var bænahús á skipinu með prýðilegum frágangi. Var skipið alltmjög svo vandað að öllum frágangi. Það var kostað og gert út af guðsþakkafjelagi frönsku og með almennum samskotum þar; byrjaði ífyrra á því, að senda samskonar skip til Newfoundlands, St. Pierre; og hreppti það sömu forlög þar eins og St. Paul hjer.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Síldin hjer í íshúsinu er nú upp gengin. Hún hefir gjört ómetanlegt gagn í vetur og vor, því að óhætt er að fullyrða, að afli sá minn mikli, er fengizt hefir þessa vertíð á flest þilskip hjer við Faxaflóa, er henni að þakka. Einn af skipstjórunum, sem kom hingað í rokinu í fyrra dag með nær því 5000 fiska eptir fáa daga, sagðist hafa fengið einn daginn 1500 fiska á síldarbeitu, en samhliða honum var annað skip allan daginn, sem fekk mjög lítið, því að síldin var upp gengin, en skipstjórinn hirti ekki um að sækja sjer beitu. Þessu lík dæmi munu eigi fá. Frakkar gefast upp við að fiska þar, sem skip vor liggja með síldarbeitu; þeir fá ekkert og sigla burt. Það er með öðrum orðum, að með síldarbeitunni rekum vjer Frakka frá oss. Bara að sama ráð ætti við botnverpingana. En það er nú öðru nær en að svo sje.

Mikið af freðinni síld hefir verið flutt úr íshúsinu í vetur austur um sveitir. Menn hafa borið hana á bakinu og flutt á hestum til Suðurnesja, Stokkseyrar og víðar, og stórar lestir hafa gengið frá íshúsinu til Eyrarbakka. Verzlunarstjóri P. Nielsen á Eyrarbakka, sem á skilið miklar þakkir fyrir dugnað sinn, hefir tvisvar sent 12 hesta í lest eptir síld, til þess að miðla öðrum, og í gær kom hingað gufubáturinn »Oddur«, til þess að sækja 2000 pd. af síld. Nielsen skrifar 30. f. m. á þessa leið: »Hjer er ágætur afli, *en einungis á síld*, svo að það er reglulegur velgjörningur og nærri því lífið undir komið fyrir sveitirna hjerna að fá síld«.

Svo er að sjá, sem bæjarbúar hjer í Reykjavík sjeu á annari skoðun. Þeir fáu, sem á sjó fara, þá sjaldan gefur, fara fram hjá íshúsinu, — eða fóru, meðan síldin var til —, án þess að taka þar síld til beitu, og um daginn, þegar fiskvart varð hjer fáa daga, sátu sumir í landi vegna beituleysis, að þeir sögðu, af því að þeir veiddu ekki hrognkelsi þá daga. Síldina, hina beztu beitu, sem til er, og aðrir vinna til að bera á bakinu 2—3 dagleiðir, bera þeir ekki við að nota; þeim finnst þeir vera alveg beitulausir fyrir hana.

Herskipið franska, *La Manche*, kom hingað í fyrra dag. Af ófriðinum engar nýrri frjettir en með Laura.

Hjeraðslæknir settur í Vopnafjarðarlæknhjeraði frá 1. þ. mán. læknaskólakand. *Jón Jónsson* (frá Bjarðarholti).

Fjárklaðinn. Þessi kláðakind, sem getið var um nýlega hjer í blaðinu að fundizt hefði á einum bæ í Mosfellssveit (Keldum), skömmu eptir að þar fór fram almenn skoðun snemma í fyrra mán., tjáir hreppstjóri nú hafa reynzt kláðalaus er hún var skoðuð af tilkvöddum 2 mönnum (»þeir gátu ekki fundið í henni kláða nje kláðamerki«); en — þá var búið að hafa hana undir lækning um tíma (allt að hálfum mánuði?), — borið í hana. Sjálfur hafði bóndinn, Guðni Guðnason, sagt til lambsins með kláða, nokkru eptir skoðunina, og hafa þeir, sem fluttu söguna svo, að kindin hefði fundizt út í haga útsteypt, ekki farið rjett með *það*; það voru 2 mikið merkir utanhreppsmenn, er fóru þar um. Rjettast hefði sjálfsagt verið, að fá dýralækni til að skoða lambið, til þess að fá skorið til hlítar úr allri þrætu og úr því hann er svo nærri.

Það var á þessum bæ (Keldum), sem upp kom kláði í fyrra vetur, í kindum, er keyptar höfðu verið ofan af Mýrum, af slysalegri óvarkárni. Mun því hafa legið nokkur grunur á þeim bæ síðan, sem ekki er undarlegt, með því húsin geta geymt sóttnæmið, þótt eigi sje annað; en ekki getið neinna viðburða að sótthreinsa þau. Annars má það merkileg heppni heita, að Mosfellssveit skuli að öðru leyti komast hjá að fá kláða úr Kjósinni, þar sem hann lifir þó eða hefir lifað allt af öðru hvoru síðari árin.

Farsóttir í Rvíkurlæknishjeraði í aprílmán. Taugaveiki 6. Barnaveiki 1. Hálsbólga 4. Kighósti 8. Lungnakvef 8. Lungnabólga 3 (Pneum. Cat. 2, Pn. Croup 1). Garnakvef 5. Gonorrhoea 1. Lungnatæring 5. Holdsveiki 0. Sullaveiki 1. Kláði 4.

Mannalát. Enn frjettust 2 mannalát frá Khöfn með síðustu ferð: frú *Jófríðar Guðmundsson*, ekkju Jóns heit. Guðmundssonar, kaupmanns í Flatey, en dóttur Sigurðar heit. Johnsen, kaupmanns þar; og stúdents *Árna Beinteins Gíslasonar*, Magnússonar, heit. kennara við Reykjavíkurskóla. Þau dóu bæði úr brjóstveiki.

Frá *Reykjavík* **til** *Borgarness* fer gufubáturinn »*Reykjavík*« maí 7., 11., 15., 18., 25. og 29.; júní 4., 8., 11., 15., 28. og 29.; júlí 6., 9., 13. o. s. frv.

Frá *Borgarnesi* **til** *Reykjavíkur* fer hann maí 7., 11., 15., 25. og 29; júní 4., 8., 11., 15., 28. og 29.; júlí 2., 6., 9., 13., 16., o. s. frv. Kemur við á Akranesi í hverri ferð báðar leiðir.

Áætlaðri ferð suður á morgun sleppt, vegna veðursins.

Nýtt ísl. smjör fæst í verzlun Jóns Þórðarsonar.

Skipstjóri á þilskip óskast, ritstj. vísar á.

Harðýsa.

50 vættir af sjerlega góðri harðýsu, meira og minna freðinni (verkaðri hjá sjalfum mjer), er til sölu hjá P. Nielsen á Eyrarbakka.

Vættin 12—14 krónur eptir gæðum.

Verzlun J. P. T. Bryde.

Nýkomið:

Alls konar **kornvörur**.

Kaffi, kandis, Melis, púðursykur. Höggvinn Melis í kössum.

Mikið úrval af alls konar **vefnaðarvörum:** klæðum, Bukskinnum, sjölum, stórum og smáum, herra- og dömu-slipsum, krögum, flippum, Manchettum, höttum og húfum.

Alls konar smærri og stærri **járnvörur**.

Margar tegundir af mjög góðum og ódýrum **vindlum** og sígarettum.

Mikið af alls konar **vínföngum**.

Rjóltóbak, rulla, reyktóbak, margar tegundir.

Svínslæri (Skinke), reykt síðuflesk. Spegepylsa, Sardínur, Ansjósur, Svissneskur ostur.

Þingmálafundur

fyrir Borgarfjarðarsýslu verður haldinn að Grund í Skorradal mánudaginn 21. júní, á hádegi.

Þórhallur Bjarnarson.

Uppboðsauglýsing.

Eptir beiðni frá ekkjufrú J. Thomsen á Bessastöðum verður opinbert uppboð haldið þar föstudaginn hinn 28. n. m. og þar seldar 5 kýr, kvíga, naut, kálfur, nokkur hross, hænsni, ýmislegir innanstokksmunir og búsáhöld.

Uppboðið byrjar kl. 12 á hádegi og verða söluskilmálar birtir á uppboðsstaðnum.

Skrifst. Kjósar- og Gullbr.s., 28. apríl 1897.

Franz Siemsen.

Þar að verzlanir **P. C. Knudtzon & Söns** í *Reykjavík* og *Keflavík* hafa verið lagðar niður, og skuldir og innieignir fluttar til verzlunar sömu eigenda í Hafnarfirði, þá tilkynnist hlutaðeigendum hjer með, að innieignir manna frá nefndum verzlunum verða greiddar frá Hafnarfjarðarverzlaninni og skuldirnar verða kallaðar inn af undirskrifuðum verzlunarstjóra, G. E. Briem í Hafnarfirði, og vil jeg við þetta tækifæri biðja þá, sem skulda verzlun *P. C. Knudtzon & Söns*, og ekki hafa samið við mig þar að lútandi, að láta mjer í ljósi sem allra fyrst, á hvern hátt og hvenær jeg megi vænta borgunar á skuldunum; því það getur verið báðum betra, að jeg verði búinn að fá vitneskju um það, hvað menn hafa hugsað sjer í því tilliti, áður en jeg fer að krefjast skuldanna á annan hátt.

Þessi tilmæli mín ná til allra, er skulda nefndri verzlun, eins þeirra, er nú fara í önnur hjeruð til þess að leita sjer atvinnu í sumar.

Hafnarfirði 28. apríl 1897.

G. E. Briem.

Landskjálptasamskot, meðtekin af undirskriuðum (14. augl.).

Sýslum. í Húnavatnssýslu, samskot þar 1796 kr. 18 a. Sýslum. í Strandasýslu 539 kr. 51 a. (+ áður 80 kr.). Sýslum. í Þingeyjarsýslu: viðb. úr Húsavíkurhreppi 68 kr. 50 a. Sýslum. Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: viðb. 51 kr. 50 a. (úr Leirár- og Melahr. 31 kr., Skorradalshr. 12 kr. 50 a., frá Rauðanesi 8 kr.). Sig. Johansen, kaupm. á Seyðfirði, safnað hjá viðskiptamönnum hans, í reikning, 300 kr. Samtals innanlands . kr. 2,655,69

Ennfremur frá hinni íslenzku samskota nefnd í Winnipeg (hr. Sigtr. Jónasson o. fl.) ávísun á banka í Lundúnum fyrir pd.st. 245.9.0, selt Landsbankanum fyrir kr. 4,430.37

Samtals kr. 7,086.06

Áður meðtekið og augl. . . . . kr. 21,670.39

Alls kr. 28,756.45

Loks meðtekið frá samskotanefndinni í Khöfn og lagt inn í Landsbankann í hlaupareikning 93,500 kr., sem eru eptirstöðvar af samskotunum í Danmörku, ásamt því sem henni hafði verið sent frá Englandi; í haust sendi hún 20,000 kr.

Samskotin úr Húnavatnssýslu eru úr þessum hreppum: Vindhælis kr. 84,40; Bólstaðarhlíðar 142; Engihlíðar 48; Svínavatns 189,90; Torfalækjar 145,75; Sveinstaða 157,50; Áshreppi 172,68; Þorkelshóls 174; Þverár 170,85; Kirkjuhvamms 102,50; Ytri-Torfastaða 133; Fremri-Torfastaða 195,50; Staðar 80.50.

Gjöfunum í Strandasýslu söfnuðu: Guðm. hreppstj. Bárðarson á Kollufjarðarnesi 163 kr. 65 a. (gaf sjálfur 15 kr., aðrir á sama heimili 24 kr.); Guðjón alþm. á Ljúfustöð. 60 kr. 75 a.; Páll próf. Ólafsson á Prestsbakka og Finnur hreppstj. Jónsson á Kjörseyri 192 kr. 75 a. (í Bæjarhr., þar í sýslum. Sig. E. Sverrisson 25 kr., Páll próf. 12 kr., Jón b. Jónsson á Melum 10 kr., Þorv. Ólafsson á Fögrubrekku 10 kr.); Theódor Ólafsson verzlm. á Borðeyri 166 kr. 36 a. (úr Hrófbergs, Kaldrananess og Óspakseyrarhreppum; þar í sira Hans Jónsson á Stað 20 kr.); sira Arnór Árnason á Felli 25 kr.

Reykjavík 5. maí 1897.

Björn Jónsson.

Uppboðsauglýsing.

Eptir kröfu skiptarjettarins í dánarbúi frk Önnu Thorarensen verður fasteign búsins, 1/8 úr jörðinni Staðarfelli og 1/4 úr jörðinni Skógum í Fellsstrandarhreppi í Dalasýslu, seld við 3 opinber uppboð; verður hið fyrsta og annað uppboð haldið á skrifstofu Dalasýslu laugardagana 15. og 22. maí næstk. á hádegi, en hið síðasta á sjálfum jörðunum, á Staðarfelli mánudaginn 31. maí kl. 12 á hád., og á Skógum þriðjudaginn 1. júní kl. 1 e. h.

Uppboðsskilmálarnir verða til sýnis á skrifstofu sýslunnar fyrir uppboðin og auglýstir á þeim.

Skrifstofu Dalasýslu, 14. apríl 1897.

Björn Bjarnarson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Verzlun

Björns Kristjánssonar

selur þessar vörur með lægsta verði þegar gufuskipið »Georg« kemur.

Leður og **skinn** af öllum tegundum, fyrir söðlasmiði og skósmiði, og allt, sem þeim iðnum tilheyrir.

Ljerept af mörgum tegundum. **Sirz,** alveg ný gerð. **Nankin,** margar tegundir. **Prjónavörur** alls konar, þar á meðal prjónaðar sumar-utanyfirbuxur fyrir karlmenn, mesta þing; silkivetlinga og ódýra kvennvetlinga, skirtur, nærbuxur, karlmannstreyjur o. s. frv. **Tvisttau,** ótal litir. **Enskt vaðmál,** svart og blátt. **Cheviot,** ágætt, en ódýrt. **Silkett,** svart. Vasaklútar. **Herðasjölin** skrautlegu og ódýru. **Stór sjöl.** **Klæði,** þykkt og þunnt, sjerlega gott eptir verði. **Rekkjuvoðir** og efni í þær. **Flúnnel,** ótrúlega ódýr og smekklega lit. **Karlmannsföt,** mjög margar tegundir og sjerlega ódýr, en sterk, eins og reynsla er fengin fyrir. **Efni í föt,** ódýrt. **Tau-regnkápur,** að eins 12 kr. **Fóðurtau** alls konar. **Sængurdúkurinn** góði, sem jeg hafði í fyrra. Rúmteppi. **Vínar-tvisttau.** **Handklæðadregill.** **Pique.** **Damast.** **Tau í drengjaföt.** **Enskaleðrið** góða. **Hnappar.** **Nálar.** **Kantabönd.** **Silkitvinni.** Tvinni. **Skótau.** **Blýhvíta.** **Zinkhvíta.** **Kopallakk.** Farfi í dósum. Koparmálning (patent).

Síldarnet, tóg, seglgarn og margt fleira.

Og Buchwaldstauin góðu eru nýkomin.

Allt þetta selst fyrir borgun út í hönd og þess vegna mjög ódýrt. Þeir, sem kaupa í stórkaupum fyrir borgun út í hönd, fá afslátt.

Reykjavík, 4. maí 1897.

Björn Kristjánsson.

Nýjasta nýtt!

Eldavjelar af ýmsum stærðum fæ jeg, sem brenna **steinolíu.**

Björn Kristjánsson.

Nú með Laura

alls konar **punt í blómsturvasa,** og **blóm,** nýkomið til

Maríu Hansen.

»LEIÐARVÍSIR TIL LÍFSÁBYRGÐAR fæst ókeypis hjá ritstjórunum og hjá dr. med. J. Jónassen, sem einnig gefur þeim, sem vilja tryggja líf sitt, allar nauðsynlegar upplýsingar.

Tvö herbergi með þremur rúmum óskast til leigu um mánaðartíma frá 6. júní í sumar. Ritstjóri ávísar.

Proclama.

Allir þeir sem til skulda telja í dánarbúi aukapósts Ólafs Þorsteinssonar á Akureyri, er dó 15. f. m., innkallast hjermeð samkv. lögum 12. apríl 1878 sbr. opið brjef 4. jan. 1861 til þess að koma fram með kröfur sínar í nefnt dánarbú til undirritaðs skiptaráðanda innan sex mánaða frá síðustu birtingu þessarar auglýsingar.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 29. marz 1897.

Kl. Jónsson.

Skúfhólkur hefir fundizt. Ritstj. vísar á.

☞ Takið eptir. ☜

Hjer með tilkynnist öllum mínum heiðruðu skiptavinum fjær og nær, að jeg flyt vinnustofu mína 14. maí næstkomandi í hús það, er jeg hefi keypt, sem er í Bröttugötu nr. 5 fyrir ofan verzlunarhús hr. kaupm. W. O. Breiðfjörðs. Jeg vona, að allir mínir góðu skiptavinir hafi viðskipti við mig eins eptir sem áður. Góður aðgangur að húsinu; inngangur um forstofudyrnar.

Sömuleiðis hefi jeg tilbúinn skófatnað, unninn á minni alþekktu vinnustofu. Allar pantanir og aðgjörðir fljótt og vel af hendi leystar, svo ódýrt, sem hægt er, móti peningum út í hönd. Enn fremur vil jeg biðja alla þá, er skulda mjer, að greiða skuldir sínar til mín fyrir 14. maí þ. á., nema öðruvísi sje um samið.

Virðingarfyllst

M. A. Matthiesen,
skósmiður.

Proclama.

Hjermeð er samkv. lögum 12. apríl 1878, sbr. opið brjef 4. jan. 1861, skorað á alla þá, sem til skulda eiga að telja í dánarbúi Odds sál. Jónssonar á Dagverðareyri, að koma fram með kröfur sínar í nefnt dánarbú til undirritaðs skiptaráðanda innan sex mánaða frá síðustu birtingu þessarar auglýsingar.

Skrifstofa Eyjafjarðarsýslu, 10. apríl 1897.

Kl. Jónsson.

Nýkomið til

Th. Thorsteinssons verzlunar

Timburskip

með allskonar **við,** svo sem:

Gólfborð
Panelborð
Planka
Battingsplanka
Trje

Óhefluð borð af öllum tegundum o. s. frv.

Selst svo ódýrt sem kostur er á.

Timbrið er lagt upp á fyrverandi Knudtzons stakkstæði og pakkhús.

Cyclar (hjólhestar),

nýir og brúkaðir, nýkomnir til

W. Fischer's verzlunar.

Uppboðsauglýsing.

Eptir beiðni frá Jóni Magnússyni, bónda í Digranesi í Seltjarnarnesshreppi, verður mánudaginn hinn 17. n. m. við opinbert uppboð samastaðar, er byrjar kl. 12 á hádegi, selt ýmislegt sauðfje, hross, búsáhöld og annað fleira. Söluskilmálar verða birtir á uppboðsstaðnum.

Skrifst. Kjósar- og Gullbr,s., 28. apríl 1897.

Franz Siemsen.

Verzlun W. FISCHER'S.

Mikið af **nauðsynjavörum** til þilskipaútgjörðar o. s. frv.

Vefnaðarvörur. Járnvörur. Nýlenduvörur.

Ýmsir munir hentugir til brúðargjafa, fæðingardagsgjafa o. s. frv. eru komnir og koma með seglskipum fyrstu dagana í næsta mánuði.

Nýtt ísl. smjör

mjög vel verkað fæst hjá

H. J. Bartels.

Verzlun W. Fischer's.

Nýkomið

ágætt **Hveiti** (Flórmjöl) á 11 aura pundið.

Brúkuð frímerki

keypt háu verði, þannig:

3 a. gul	kr. 2,75	16 a. rauð	kr. 15,00
5 – blá	— 100,00	20 – lifrauð	— 40,00
5 – græn	— 3,00	20 – blá	— 8,00
5 – kaffibrún	— 4,50	20 – græn	— 14,00
6 – grá	— 5,00	40 – —	— 80,00
10 – rauð	— 2,50	40 – lifrauð	— 12,00
10 – blá	— 8,00	50 –	— 40,00
16 – kaffibrún	— 14,00	100 –	— 75,00

Allt fyrir hundraðið af óskemmdum, þokkalegum og stimpluðum frímerkjum. Ef þess verður óskað, fást $^2/_3$ hlutar borgunarinnar með eptir-tilkalli. Annars verður borgun send með næstu póstferð.

Olaf Grilstad,
Trondhjem, Norge.

Nýkomið til

verzlunar W. Fischer's

Reyktóbak

í dósum, ágætlega gott, margar tegundir.

Andrew Johnson, Knudtzon & Co.,

Hull (England),

Telegramadresse: »*Andrew, Hull*«.

Import, Export & Commissionsforretning,

anbefaler sig til Forhandling af Klipfisk og alle andre islandske Produkter.

Prompte og reel Betjening, Afregning & Remisse strax efter Salget.

Grundet paa gode Forbindelser blandt de største spanske Klipfiskkjöbere, ser vi os altid istand til at placere hele Lasten til fordelagtige Priser.

Garanterer en vis Minimumspris.

Nærmere Oplysninger ved Henvendelse til Firmaet.

Prima Referencer.

Undirskrifaður selur með lágu verði söðla, hnakka, töskur, púða, gjarðir, beizli og allskonar ólar, er reiðfærum fylgja, allt vandað og úr góðu efni.

Reykjavík, Þingholtsstræti 9, 6. apríl 1897.

Daniel Símonarson.

Verzlun

W. FISCHER'S

selur Margarine, Færi, Kaðla og allar aðrar vörur til **þilskipaútgjörðar** með óvanalega vægu verði.

Uppboðsauglýsing.

Eptir beiðni frá Árna Árnasyni í Sviðholti á Álptanesi verða við opinbert uppboð samastaðar laugardaginn hinn 22 n. m. seldar 2 kýr, önnur snemmbær en hin síðbær, 1 hross, rúmfatnaður, ýmislegir búshlutir og annað fleira.

Uppboðið byrjar kl. 11 fyrir hádegi og verða söluskilmálar birtir á uppboðsstaðnum.

Skrifstofu Kjósar- og Gullbr.s. 29. apríl 1897.

Franz Siemsen.

Útgef. og ábyrgðarm.: **Björn Jónsson.**
Ísafoldarprentsmiðja.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur